

Traustar undirstöður – skýr framtíðarsýn

Ávarp Sigurður Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, ágæta sveitarstjórnarfólk, aðrir gestir.

Ég hef oft verið gestur á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga – sem sveitarstjórnarmaður – en nú kem ég í fyrsta skipti sem ráðherra.

Fjármálaráðstefna er mikilvægur vettvangur til að fara yfir stöðu fjármálanna, fá upplýsingar um það sem efst er á baugi, bera saman bækur sínar og horfa fram á veginn.

Dagskrá ráðstefnunnar er pökkuð af áhugaverðum erindum og umræður verða sjálfsagt líflugar. Síðan er samveran einnig mikilvæg, málin eru rædd í kaffihléum og hliðarherbergjum – og síðast en ekki síst gleðjast menn í lok dags með sínum félögum.

Ég veit að sveitungar mínir sunnlendingar hafa góða reglu á þessu – þó svo að nú kunni að bregða við þegar vantar selskapsmanninn og félagar okkar Gunnar Þorgeirsson í hópinn.

Fjármál hins opinbera

Það skiptir miklu máli halda vel utan um fjármál hins opinbera, hvort sem það eru fjármál ríkisins eða sveitarfélaganna. Ríkisstjórnin leggur áherslu á traustar undirstöður í ríkisfjármálum sem gefa tækifæri til að byggja upp og búa í haginn fyrir komandi kynslóðir. Við viljum sjá þróttmikið efnahagslíf á öllum sviðum.

Þessar áherslur koma vel fram í fjármálastefnu og fjármálaáætlun og ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára. Áhersla er á efnahagslegan stöðugleika og bætta afkomu hins opinbera.

Fjárlagafrumvarpið er sett fram með þau markmið að leiðarljósi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að afgangur á heildarafkomu ríkissjóðs verði 1% af vergri landsframleiðslu árið 2019 eða um 29 milljarðar króna.

Við stefnum að áframhaldandi lækkun skulda ríkissjóðs. Frá miðju ári 2017 til miðs árs 2018 lækkuðu skuldir ríkissjóðs um 88 ma.kr. en það samsvarar því að skuldir hafi lækkað um 10 milljónir á klukkustund.

Vegna þessara aðgerða munu skuldir ríkissjóðs í fyrsta sinn fara undir viðmið fjármálareglna laga um opinber fjármál árið 2019. Útlit er fyrir að hrein vaxtagjöld verði um 26 milljörðum lægri árið 2019 en árið 2011.

Þetta eru umtalsverðir fjármunir sem eru betur nýttir til hagsbóta fyrir almenning í þessu landi – til þess að bæta þjónustuna og styrkja innviðina.

Og það er einmitt það sem við erum að gera eins og fjárlagafrumvarpið ber með sér. Þetta eru ekki bara orð – líka athafnir.

Við erum að bæta í á mjög mörgum sviðum – enda ekki vanþörf á eftir niðurskurð og aðhald undangenginna ára. Gert er ráð fyrir að heildargjöld ríkissjóðs aukist milli ára um ríflega 55 milljarða króna.

Við gerum okkur þó grein fyrir því að þessi vöxtur er við efri mörkin og ríkisstjórnin mun láta fara fram reglulegt endurmat á útgjöldum til þess að unnt sé að tryggja sem besta ráðstöfun fjármuna.

Skýr forgangsröðun

Forgangsröðunin er líka skýr.

Framlög til heilbrigðismála hækka milli ára um 12,6 milljarða króna. Þar veða þyngst framkvæmdir við nýjan Landspítala en áætlað er að verja 7,2 ma.kr. til þeirra á næsta ári en auk þess verða framlög aukin vegna byggingar og rekstrar hjúkrunarheimila.

Einnig er verulega aukið við framlög til félags-, húsnæðis- og tryggingamála en hrein hækkun nemur um 13,3 milljörðum króna.

Þar af nemur aukinn stuðningur vegna húsnæðis ríflega 900 milljónum króna – alls verður um 25,4 milljörðum varið til málaflokksins á næsta ári.

Þessi stuðningur er eins og þið þekkið veittur eftir nokkrum leiðum, svo sem í formi húsnæðisbóta, stofnframlaga til byggingar almennra íbúða og vaxtabóta. Til viðbótar er veittur stuðningur með ýmiskonar skattastyrkjum, svo sem eins og stuðnings vegna fyrstu kaupa.

Húsnæðismálin hafa verið og eru í brennidepli og ríkisstjórninni er umhugað um að stuðla að umbótum í húsnæðismálum sem leiða til aukins jafnvægis húsnæðismarkaðar og nægjanlegs framboðs á hagstæðum íbúðum.

Það þarf að tryggja gott aðgengi landsmanna að öruggu húsnæði með eflingu stuðningskerfa og samræmdri stefnumörkun í uppbyggingu félagslegs húsnæðis.

Fleira mætti telja, t.d. áherslur á sviði umhverfis og loftlagsmála, öryggismála ofl.

Sókn í samgöngumálum

En ef ég lít mér nær þá tel ég að samgönguáætlun sé líka góður vitnisburður um metnað ríkisstjórnarinnar þegar kemur að uppbyggingu innviða. Samstaða hefur verið á meðal almennings, sveitarstjórnarmanna og þingmanna um að forgangsraða í þágu þessa mikilvæga málaflokks.

Heildarframlag til samgöngumála samkvæmt fjárlagafrumvarpi nemur 41,3 milljörðum króna og eykst um 12,3% á milli ára. Þannig hafa fjárveitingar til samgöngumála hækkað um 12 milljarða undanfarin þrjú ár.

Og ef við rýnum aðeins inn í framtíðina þá gerir ný samgönguáætlun ráð fyrir áframhaldandi vexti á fjárveitingum til samgöngumála.

Þannig að ég get ekki annað en verið ánægður með þessa mynd sem samgönguáætlun dregur upp – þó hvorki ég né aðrir geti neitað því að verkefnið á þessu sviði er gríðarlega stórt og betur má ef duga skal.

Það er þörf fyrir mun meiri fjárfestingu en þarna er verið að leggja línur um. Ég hef hlustað á sjónarmið sveitarstjórnarfólks um land og skiljanlega vilja allir fá meira inn á sitt svæði.

Ég skil það vel og virði þá sem berjast fyrir hagsmuni og uppbyggingu hver á sínu svæði.

Góðar fréttir samgöngumálum

En um leið verðum við sem sitjum í ríkisstjórn og á Alþingi að horfa á allt landið og forgangsraða í þágu heildarinnar. Góðu fréttirnar eru hins vegar augljósar.

Í fyrsta lagi er nú lögð fram raunhæf fimm ára samgönguáætlun sem er að fullu fjármögnuð miðað við forsendur fjármálaáætlunar. Þetta er ekki óskalisti – þetta er raunhæf áætlun.

Í öðru lagi er verið að stórauka fjármagn til nýframkvæmda og viðhalds á vegakerfinu, um 23,5 milljarðar króna fara t.d. í slík verkefni á næsta ári.

Samkvæmt áætluninni og fjárlagafrumvarpi aukast fjárveitingar til nánast allra verkefna samgöngumála. Framlag til þjónustu á vegakerfinu eykst um 708 milljónir á milli ára. Þá hækka styrkir til almenningssamgangna um 161 milljón og framlag til flugvalla hækkar um 336 milljónir á milli ára.

Ef við síðan horfum aðeins lengra inn í framtíðina þá sé ég fyrir mér nýja tekjustofna til að fjármagna samgönguverkefni. Það fé kæmi inn sem viðbót við þá fjármuni sem settir eru í samgönguáætlun samkvæmt fjármálaáætlun.

Það er tímabært að huga að heildarendurskoðun gjaldtöku í samgöngum, svokölluðum grænum sköttum og skattaívilnunum, þannig að skattheimtan þjóni líka markmiðum ríkisstjórnarinnar í loftlagsmálum. Þessi mál eru til skoðunar í starfshópi.

Staðan á vinnumarkaði

En grundvallaratriðið er það að ef við viljum sækja fram og auka getu til þess að bæta þjónustu og fara í nýjar fjárfestingar þá þurfum við efnahagslegan stöðugleika. Við viljum umfram allt tryggja stöðugleika.

Við vonum því að vel takist til á vinnumarkaði og að farsæl lending fái stöð í þær viðræður sem nú standa fyrir dyrum. Mikilvægast er að halda áfram að bæta kjör almennings í þeirri kjarasamningagerð sem ný er framunda. Kaupmáttur hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og það er sú mynd sem við viljum sjá áfram.

Stöðugt verðlag er liður í því að tryggja kaupmáttinn – verðlagsþróun undanfarin ár hefur verið hagstæð og það er mikilvægt að halda áfram á þeirri braut.

Ríkisstjórnin er að skoða sína aðkomu með aðgerðir t.d. á sviði skattamála, en allar aðgerðir verða að skila sér í raunverulegum kjarabótum.

Fjármál sveitarfélaganna

Ágætu gestir á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna. Ég hef nú dregið upp mynd af jákvæðri þróun efnahagsmála.

Ég held að það sé óhætt að lýsa því yfir að mikill árangur hefur náðst frá hruni, á aðeins 10 árum. Þar hafa margar ríkisstjórnir lagt hönd á plóg og margir aðilar komið að því uppbyggingarstarfi. Við höfum náð að lækka skuldir ríkissjóðs um 658 milljarða á sex árum sem er vel gert.

Staða heimilanna er líka allt önnur en var á árunum eftir hrun, til margra góðra aðgerða hefur verið gripið til að bæta kjör almennings. En þar er enn verk að vinna og það er ásetningur þessarar ríkisstjórnarinnar að horfa sérstaklega til þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu.

Og þegar við tölum um árangur við að vinna sig upp úr hruninu þá hafa sveitarfélögin einnig staðið vel sína vakt.

Árið 2009 náði skuldahlutfall sveitarfélaga hæstu hæðum, það var 222% af tekjum samstæðu sveitarfélaga og 106% hjá A hluta. Nú tæpum áratug síðar er þetta hlutfall samstæðu komið niður í 110% og skuldahlutfall A hluta í 83%.

Eftir erfið ár í kjölfar efnahagserfiðleika eru skuldir og skuldbindingar í hlutfalli við tekjur, nú með svipuðu móti og var árið 2007.

Hvað skýrir?

Ýmislegt skýrir þennan árangur.

Í fyrsta lagi tók sveitarstjórnarfolk fjármálin föstum tókum og unnið hefur verið markmisst að því að bæta afkomu einstakra sveitarfélaga. Eftirminnilegur er fundur sveitarstjórnarfólks í haustið 2008 – en þar var sammælt um að vinna að því að verja grunnþjónustu samhliða því að leita allra leiða til að vinna sig út úr vandanum.

Í öðru lagi tóku gildi ný sveitarstjórnarlög í ársbyrjun 2012.

Fjármálakafli laganna tók gagngerum breytingum, strangari skilyrði voru sett um fjármálastjórn sveitarfélaga.

Við setningu laganna voru hátt í 20 sveitarfélög yfir hámarks skuldahlutfalli sem er 150%. Þeim var gert að vinna eftir aðlögunaráætlunum til lækkunar skulda og er staðan núna sú, að aðeins tvö sveitarfélög eru yfir þessum mörkun. Ef allt fer sem horfir verða öll sveitarfélög undir lögbundnu skuldahlutfalli sveitarstjórnarlaga við lok þessa kjötímabils.

Í þriðja lagi hafa tekið gildi ný lög um opinber fjármál sem skapa ramma og festu utan um fjármál hins opinber á heildstæðan hátt.

Árlega gera ríki og sveitarfélög með sér samkomulag sem meðal annars fjalla um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga til næstu ára sem og ráðstafanir til að tryggja að markmið um afkomu sveitarfélaga náist.

Síðast en ekki síst ber að þakka þennan viðsnúning hagstæðum skilyrðum í þjóðarbúskapnum, stórauðnum ferðamannafjölda, bætti afkomu sjávarútvegs og fleira. Bætt staða hins opinbera, lægri vaxtagreiðslur og jafnvægi skapa tækifæri til auknar fjárfestingar í samfélagsinnviðum og styrkingu velferðarþjónustu.

Að þessum góðu markmiðum viljum við vinna áfram í nánu og góðu samstarfi við sveitarstjórnarfolk um allt land. Það er mikilvægt að ríki og sveitarfélög auki enn frekar samstarfið um opinber fjármál – það er í þágu allra landsmanna.

Tækifæri til áframhaldandi skuldalækkunar

En þrátt fyrir þetta er hægt að ná meiri árangri við lækkun skulda sveitarfélaga – að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélaganna og nýta góða stöðu efnahagsmála til þess.

Skuldir hafa lækkað sem hlutfall af tekjum sveitarfélaga en að krónutölu og á uppreiknuðu verðlagi hafa skuldir A og B hluta verið á svipuðu róli undanfarin fimm ár. Skuldir B hluta fyrirtækja hafa farið lækkandi en skuldir A hluta hækkandi – það er áhyggjuefni.

Það er tækifæri til að leggja fram áætlanir um áframhaldandi raunlækkun skulda á næstu fjórum til átta árum. Það árar vel – og þá eigum við að nýta tækifæri og lækka skuldir.

Það er líka dýrt að skulda – þetta þekkjum við vel.

Ég skoðaði núna fyrir ráðstefnuna eitt sveitarfélag með innan við 1500 íbúa – raunhæft dæmi og skuldahlutfallið um 130%.

Ef þessu sveitarfélagi tækist að lækka skuldir sínar niður í segjum 70% af tekjum þá myndu sparast um 30 milljónir króna á ári. Þessum fjármunum væri betur varið í störf heimafyrir – í stað þess að borgar fjármálastofnunum fyrir sunnan.

Ég fór yfir það á Landsþingi sambandsins um daginn að ég hefði áhuga á að setja stórauðna fjármuni úr Jöfnunarsjóði í að efla sveitarstjórnarstigið með sameiningum. Ég nefndi töluna 15 milljarðar í slíkt átak og ef helmingurinn af því færi til beinnar skuldalækkunar sameinaðra sveitarélaga, myndi það auka ráðstöfnunarfé sveitarfélaga um einhver hundruð milljóna króna.

Skuldahlutfallið – endurskoðun fjármálareglna

Ég hef nýlega skipað nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða fjármálakafla sveitarstjórnarlaga.

Það er þegar komin góð reynsla af lögnum, nýju fjármálareglurnar hafa sannað gildi sitt. Engu að síður taldi ég rétt að við færum sameiginlega yfir reynsluna og afurðin gætu verið tillögur til að bæta regluverkið enn frekar.

Ég velti því t.d. fyrir mér hvort stefna bæri að því að lækka skuldahlutfallið úr 150% niður í 100 til 120%. Í dag eru um 19 sveitarfélög yfir 100% skuldahlutfalli – og 10 sveitarfélög yfir 120% markinu.

Það er því raunhæft markmið að stefna að lækkun skuldahlutfallsins á næstu árum. Samtímis væri hægt að endurskoða ákvæði um samning sem sveitarfélag getur gert við ráðherra og eftirlitsnefnd vegna fjármála sinna, þannig að hægt væri að mæta snöggum breytingum í einstökum sveitarfélögum – t.d. þar sem íbúavöxtur er mikill á skömmum tíma.

Tekjustofnar

Hvað tekjustofna sveitarfélaga varðar þá er það vilji ríkisstjórnarinnar að færa gistináttgjaldið til sveitarfélaganna á kjörtímabilinu. Gjaldið skilar nú um 1,4 milljarði í ríkissjóð og það væri þá sú fjárhæð sem við erum að tala um að óbreyttum lögum.

Það er síðan sérstök umræða hvernig fjármagninu verður skipt á milli sveitarfélaga. Þar eru ýmsar leiðir færar, t.d. að horfa til þess hvar tekjurnar verða til. Það er þó ekki bara þar sem sveitarfélög verða fyrir útgjöldum vegna mikils fjölda ferðamanna, ferðamenn fara víða um og uppbygging innviða og þjónustu er í gangi um allt land. Því dugar sú leið ekki ein og sér – við þurfum að mínu mati að horfa á blandaða leið þar.

Þá vil ég nefna það réttlætismál að jafna þarf betur tekjur sem sveitarfélög hafa af mannvirkjum sem nýtt eru til orkuframleiðslu og dreifingar. Á þessu sviði eru margvísleg mannvirki ekki metin fasteignamati eða undanþegin álagningum meðan lagðir eru fasteignaskattar á önnur. Þau sveitarfélög sem eru svo lánsöm að stöðvarhúsið lendir á þeirra svæði fá góðar tekjur en hin ekkert.

Ég hef ákveðið að skipa starfshóp með fulltrúum ykkar og fleiri aðilum til að vinna áfram með þær hugmyndir sem liggja á borðinu og móta tillögur í þessa veru.

Stefnumótun til framtíðar

Ágætu landsþingsgestir

Á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri setti ég fram tillögu um að mótuð yrði sameiginleg stefna um að fækka og efla sveitarfélögin með sameiningum.

Það mætti gera á þann hátt að byrjað yrði á átaki þar sem sveitarfélög hafa tiltekin tíma, segjum fjögur til í mesta lagi átta ár, til að ná tilteknum markmiðum í frjálsum sameiningum. Samhliða yrði fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóð sveitarfélaga við sameiningar og til skuldalækkunar stóraukin.

Eftir að þessu tímabili lyki tæki hins vegar gildi nýtt ákvæði sveitarstjórnarlaga um lágmarksíbúafjölda. Þau sveitarfélög sem ekki hefðu nýtt tímamót til að ná settu markmiði þyrftu þar með að sameinast nágrannasveitarfélagi til að uppfylla skilyrði laganna um íbúafjölda. Ekki kæmi til íbúakosninga um sameiningar frá þeim tíma – heldur yrði um skyldubundna sameiningu að ræða.

Ég veit að sjónarmiðin verða ólík og áherslurnar mismunandi.

En verkefnið er skýrt – að móta eina stefnu fyrir íslensk sveitarfélög, fyrir framtíðin.

Stærð sveitafélaga og geta þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum og styðja við umbreytingar og framþróun samfélagsins verður hluti af þeirri stefnumörkun.